

Starfsgreinaráð	Bygginga- og mannvirkjagreina	
Starfsheiti	Veggfóðrari	Löggilt iðngrein
Dagsetning	7. apríl 2022	
Útgáfunúmer	0.2	

#### Starfalýsing:

Veggfóðrari undirvinnur og setur undirlag, veggfóðrar, dúkleggur og leggur ýmsar gólf- og veggklæðningar á einstaka húshluta að utan sem innan. Vinnur við nýbyggingar, viðhald og endurbyggingu húsa, samgöngu- og orkumannvirkja. Velur vinnuaðferðir, verkfæri og efni við hæfi og út frá óskum viðskiptavina. Veggfóðrari fer eftir kröfum um öryggismál, umgengni og efnameðferð og vinnur eftir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði og ver sig gegn hættum á vinnustað. Veggfóðrari þekkir grundvallatriði sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir reglum um endurvinnslu og förgun. Sýnir sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og er meðvitaður um vandað handverk. Annast samskipti við verkkaupa og leiðbeinir kaupendum um val á efni og vinnuaðferðum.

#### Hæfnikröfur:

Les bygginganefndar- og deiliteikningar af einstökum húshlutum og frágangi einstakra húshluta og verkþátta.

Færir út mælipunkta, afsetur hæðir, teiknar upp deililausnir og frágang – fríhendis eða með teikniforritum og notar helstu mælitæki.

Rakamælir gólf, flotar og setur undirlag.

Undirvinnur veggi, loft, stiga og gólf.

Leggur dúka, teppi, veggfóður, striga og fíberstriga, gengur frá aðliggjandi efnun.

Leggur sérhæfða gólfduka og býr til og fellir skrautborða eða mynd í þá.

Leggur mósaíkmottur, epoxy, sérhæfða striga, plötur, spón og gólfplötur með sléttum eða nótuðum köntum.

Leggur þak- og sundlaugadúka.

Þekkir lögmál og fer eftir reglum um hljóðvist, varmaeinangrun, eld og rakavarnir.

Metur þörf og annast viðhald, endurnýjar og gerir við gólf-, vegg- og loftaefni.

Metur steypu og steypugalla og ákveður hvort hann eða aðrir iðnaðarmenn annast viðgerðir.

Þekkir afleiðingar raka, myglu og helstu tegunda fúa.

Þekkir lög og reglur um verndun og friðun húsa og gamlar byggingarhefðir og handverk.

Velur aðferðir, verkferla, verkfæri og efni sem henta hverju sinni.

Þekkir eiginleika efna og álagskrafta sem þeim tengjast.

Notar tölvustýrðar skurðarvélar og eða þekkir til tölvustýrðra skurðavéla og hvert hægt er að leita eftir slíkri þjónustu.

Þekkir grunnatriði lita- og formfræði og helstu stíltímabil.

Þekkir lög og reglur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þekkir áhættumat og áhættugreiningu og fylgir öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir vinnustaði, m.a. með notkun viðeigandi öryggisbúnaðar.
Hefur tileinkað sér snyrtimennsku og gengur vel um vinnustað sinn.
Er meðvitaður um kostnað og getur gert einfaldar kostnaðaráætlanir.
Hefur skilning á rekstri og uppbyggingu fyrirtækja.
Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.
Vinnur sjálfstætt, er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð og getur lagt mat á eigin vinnu.